

Tilmæli 28/2023
Tillaga A 1951/UHN
Afgreiðsla Norræna sjálfbærninefndin

Nefndarálit um svar við tilmælum 28/2023

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að Norðurlandaráð taki svar við tilmælum 28/2023 um til greina og bíði *pólitíks samráðs* hvað varðar Norðurlönd sem leiðandi um vindorku á hafi.

Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum

- að einfalda opinbert ferli fyrir vindorkuver á hafi án þess að slakað verði á kröfum;
- að beita sér fyrir samstarfi æðri menntastofnana um nýtingu vindorku á hafi og;
- að efla samstarf raforkufyrirtækja ríkjanna um samþætt norrænt raforkunet.

Svar norrænu ríkisstjórnanna

Vindorka á hafi getur til lengri og skemmri tíma stuðlað að aukinni raforkuframleiðslu og þar með hraðað hinu grænu umskiptum á Norðurlöndum. Það er því mikilvægt að hraða ferlinu við leyfisveitingar og stjórnýslu og gera það gagnsærra. ESB-gerðir, eins og til dæmis tilskipunin um endurnýjanlega orkugjafa, fela í sér ýmsar aðgerðir til raforkuframleiðslu sem ekki byggir á jarðefnaeldsneyti, þ.m.t. vindorku á hafi. Með sameiginlegri lagasetningu á vettvangi Evrópusambandsins eykst samræming milli þeirra stjórnvalda í hverju landi sem sinna þessum málaflokki með þeim árangri að afgreiðsla mála verður liprari. Um leið þarf að taka tillit til þess að hvert ríki er með eigið stjórnýsluskipulag og reglur sem takmarkar breytingar á stjórnýsluferlinu. Í Svíþjóð er til dæmis í gangi opinber úttekt (En ordnad prövning av havsbaserad vindkraft, Dir. 2023:61) sem hefur það að markmiði að gera tilraunir með vindorku skilvirkari, nútímalegri og samræmdari. Í úttektinni verður leitast við að afla aukinnar þekkingar og reynslu, m.a. frá hinum Norðurlöndunum.

Norðurlöndin hafa með sér samstarf á vettvangi norrænu stofnunarinnar Norrænar orkurannsóknir, en hlutverk hennar sé að efla rannsóknir á sviði orkumála. Rannsóknasamvinna ríkjanna undanfarin ár hefur meðal annars tekið til raforkuvinnslu með vindorku á hafi úti. Norrænar orkurannsóknir greiða einnig fyrir samstarfi háskóla á



Norðurlöndum og í Eystrasaltslöndunum, m.a. með ferða- og dvalarstyrkjum fyrir vísindamenn.

Stofnanirnar sem annast kerfisstjórn í hverju norrænu ríki um sig hafa með sér náð samstarf, bæði um þróun og rekstur raforkukerfanna og um raforkumarkaðinn. Hvað varðar þróun kerfa má til dæmis nefna samnorrænu skýrsluna Grid Development Perspective 2023¹ sem kom út 25. október í fyrra. Skýrslan gefur yfirlit yfir framhorfur fyrir orkukerfi Norðurlandanna og kynnir einnig ýmsar niðurstöður um norræn orkukerfi. Raforkukerfið á Norðurlöndum er líka mjög vel samþætt í dag og heldur sú samþættingarvinna áfram til dæmis með lagningu Aurora Line, 380 km langri, 400 kV leiðslu á milli Messaure í Svíþjóð og Pyhänselkä í Finnlandi sem áætlað að tekin verði í gangið árið 2025. Þá fer einnig ram náð samstarf fram á raforkumarkaði, til dæmis í sameignarfélagunum Nordic RCC í Kaupmannahöfn, eSett í Helsinki og samstarfsverkefnið Nordic Balancing Model.

Norrænu ríkisstjórnirnar telja hér með að orðið hafi verið við tilmælunum að hluta.

Sjónarmið nefndarinnar

Norræna sjálfbærnefndin tekur til greina svarið norrænu landanna við tilmælunum um að einfalda opinbert ferli fyrir vindorkuver á hafi án þess að slakað verði á kröfum þar sem fram kemur að norrænu löndin búa við mismunandi stjórnsýsluskipulag sem hafa mismunandi áhrif á ferlið. Nefndin tekur til greina tilvísun í ESB-reglugerðina sem hraðar og skapar ramma fyrir einfaldara ferli. Nefndin telur mikilvægt tryggja ítarleg og skilvirk ferli sem hraðar geta grænum umskiptum.

Nefndin er afar áhugasöm um þá vinnu sem á sér stað á vegum Norrænna orkurannsókna og lítur það jákvæðum augum að norrænar raforkuveitur vinna þétt saman að þróun og rekstri raforkukerfanna og raforkumarkaðarins og vill sjá það samstarf eflast. Nefndin tekur til greina að Norrænar orkurannsóknir greiða einnig fyrir samstarfi háskóla á Norðurlöndum og í Eystrasaltslöndunum, m.a. með ferða- og dvalarstyrkjum fyrir vísindamenn, en vill nefna að ekki sér skýrt hvor þessir möguleikar séru nýttir í raun.

Kiruna, 25. júní 2024

Tove Elise Madland (A)

Johan Andersson (S)

Karin Gaardsted (S)

Åsa Karlsson (S)

Ola Elvestuen (V)

Emma Berginger (MP)

Kari-Anne Jønnes (H)

Staffan Eklöf (SD)

Himanshu Gulati (FrP)

¹ https://www.svk.se/siteassets/om-oss/rapporter/2023/svk_ngpd2023.pdf